

Miðvikudaginn 2. maí 1984.

Nr. 127/1983. **Kristján Pétursson**

gegn

Vélsmiðjunni Loga

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 3. maí 1984.

Nr. 189/1981. **Friðrik Þórðarson**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Jóni Sigursteinssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Kröfu um riftun og skaðabætur hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

I.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. september 1981. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að undangengnum úrskurði Hæstaréttar 21. desember 1983 hefur áfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt álitssgerð tveggja manna, sem dómkvaddir voru að beiðni hans á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar 1984 til að semja álitssgerð um það, hvort meðferð stefnda á bifreiðinni A 6586, slík sem vitnið Reynir Örn Leósson lýsir í vætti sínu, hefði getað orsakað skemmdir á vél bifreiðarinnar, og ef svo væri, þá hverjar. Verður álitssgerð þessi rakin hér á eftir í V. kafla.

III.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína þeim rökum, að nauðsynlegt hafi verið fyrir héraðsdómara að kveðja til sérfróða meðdómendur til að fara með og dæma mál þetta með sér, sbr. 3. tl. 1. mgr. 200. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Samkvæmt nefndu ákvæði var héraðsdómara heimilt, en ekki skylt, að kveðja til sérfróða menn til að fara með og dæma mál, þegar þannig stóð á sem í greininni sagði. Verður héraðsdómur ekki ómerktur af þeim sökum, að héraðsdómari hafi ekki kvatt sérfróða meðdómendur til dómsetu með sér í máli þessu.

IV.

Við kaupin fékk stefndi upplýsingar um það á bílasölu þeirri, sem annaðist söluna á bifreiðinni, að henni hefði verið ekið 108 þúsund km og að vélin í henni hefði verið tekin upp. Reikninga vegna þessarar viðgerðar fékk stefndi í hendur samdægurs, en eftir að kaupin fóru fram. Sýna þeir, að sú viðgerð fór fram sumarið 1977. Í afsali, sem stefndi undirritaði sem kaupandi, segir, að bifreiðin seljist í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við að öllu leyti.

Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin vottorð og framburðir aðilja og vitna varðandi ástand vélar bifreiðarinnar, eins og það kom þeim fyrir sjónir, áður en stefndi keypti hana af áfrýjanda. Eru framburðir þessir og gögn á þann veg, að ekki hafi þess orðið vart, að gangur vélarinnar væri óeðlilegur eða athugaverður, áður en stefndi tók við bifreiðinni. Framburður Reynis Arnar Leóssonar, sem skoðaði bifreiðina að ósk stefnda, eftir að kaupin voru gerð, er einnig rakin í héraðsdómi.

Matsmennirnir Finnbogi Eyjólfsson og Jan Jansen bifvélavirkja-meistarar, sem dómkvaddir voru að beiðni áfrýjanda, sbr. II hér að framan, hafa ritað svohljóðandi álitsgerð, sem er dagsett 16. febrúar 1984:

„I. Bifreiðaframleiðendur vara yfirleitt við því, að hreyflar (vélar) bifreiðanna séu látnir ganga á fullri eldsneytisgjöf án álags, þ.e.a.s. hreyfill ótengdur drifkerfinu og bifreiðin í kyrrstöðu, og taka fram, að það geti valdið skemmdum á hreyflunum, þar sem hætt sé við að snúningshraði þeirra fari yfir leyfileg mörk.

Sérstaklega er bent á, að slíkur „yfirsnúningur“ geti haft alvarlegar afleiðingar fyrst eftir að hreyfill hefur verið ræstur kaldur.

Ýmsar gerðir bifreiða eru búnar snúningshraðamæli í mælaborði til að auðvelda bifreiðastjóranum að fylgjast með snúningshraða vélarinnar. Á mælum þessum er undantekningarlaust, greinilega auðkennt frá hendi framleiðanda hvar snúningshraðinn er kominn á hættumörk.

Íslenskir bifvélavirkjar þekkja að sjálfsögðu þá hættu, sem stafað getur af því að „yfirsnúa“ hreyfil, og eru varaðir við henni strax á fyrsta námsstigi í sinu fagi, enda eru mörg dæmi um að slík meðferð hefur orsakað skemmdir á bílahreyflum hér á landi. Undirritaðir hafa hvor um sig orðið vitni að því, að bílhreyfill varð fyrir skemmdum, sem var bein afleiðing af „yfirsnúningi.“

II. Álit okkar undirritaðra, stutt þeim rökum, sem hér hafa verið tilgreind er því eindregið á þann veg, að meðferð stefnda á bifreiðinni A-6586 eins og Reynir Örn Leósson lýsir henni, gæti hafa orsakað skemmdir á hreyfli hennar. Hversu miklar og víðtækar þær skemmdir gætu hafa orðið, treysta undirritaðir sér ekki til að kveða á um, en það ræðst mjög af því hversu slitin vélin var, þegar tilvitnuð meðferð átti sér stað, og sömuleiðis hve lengi henni var misþyrmt með yfirsnúningi.

Líklegasta og algengasta afleiðing yfirsnúnings er allt frá fyrsta stigs úbræðslu á stangarlegum upp í alúrbræddar stangar- og höfuðlegur og jafnvel brotnar stimpilstangir og skaddað strokkstykki.

III. Í ofangreindu áliti okkar er einungis tekin afstaða til eftir-

farandi ummæla Reynis Arnar Leóssonar á bls. 42 og 43 í réttarskjölum (Ágripi).

„Þá er það sem Jón tekur að láta bílinn ganga í botni í lausagangi og gerir þetta í langan tíma. Þá segi ég við Jón að hætta þessu strax í Guðanna bænum, vegna þess að þetta þyldi engin vél, hvorki ný né notuð. Jón lét sér ekki segjast og hélt uppteknum hætti þó nokkra stund og varð ég að víkja mér frá, vegna þess að ég bjóst við því á hverri stundu að vélin hreinlega splundraðist.

Þegar þessu lauk var vélin orðin normal heit og þrátt fyrir það kveikti bíllinn ekki smurljós.“

„Vitnið telur að snúningshraði vélarinnar hafi farið fram úr leyfilegum mörkum, þegar stefnandi gaf henni inn. Kveðst vitnið telja að ný vél geti splundrast við meðferð slíka sem stefnandi gerði.“ “

VI.

Eins og áður er lýst, eru fyrir hendi vottorð og framburðir um ástand bifreiðarinnar, áður en stefndi keypti hana. Benda þau gögn ekki til þess, að gangur vélarinnar hafi þá verið óeðlilegur. Stefndi kynnti sér ástand bifreiðarinnar, áður en hann keypti hana, og honum var ljóst, að hann var að kaupa 6 ára gamla bifreið með upptekinni vél, sem ekið hafði verið 108 þúsund km. Honum mátti vera ljóst, að vélin væri farin að slitna. Hann undirritaði yfirlýsingu um, að hann sætti sig við ástand bifreiðarinnar. Álit matsmannanna Finnþoga Eyjólfssonar og Jans Jansen, sem að framan er rakið, er og á þann veg, að meðferð stefnda á bifreiðinni, sem vitnið Reynir Örn lýsir, hafi getað orsakað skemmdir á vél hennar.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, þykir stefndi ekki hafa fært að því fullnægjandi sannanir, að vélin í bifreiðinni A 6586 hafi verið haldin slíkum göllum, er hann keypti hana, að það veitti honum heimild til að rifta kaupunum. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Friðrik Þórðarson, á að vera sýkn af öllum kröfum um stefnda, Jóns Sigursteinssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 16. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júlí sl., hefur Jón Sigursteinsson, Höfðahlið 7, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 13. mars sl., á hendur Friðriki Þórðarsyni, Þórunnarstræti 113, Akureyri, til staðfestingar á riftun á kaupum frá 27. 10. 1980 um bifreiðina A-6586, Saab 99, árgerð 1974. Þá er þess krafist, að stefndi greiði til baka þann hluta kaupverðs, sem þegar hefur verið greiddur, þ.e. bifreiðina A-1205, Ford Broncon, árgerð 1966, og kr. 16.000.00, sem stefnandi hafi greitt, og að stefndi skili til baka vixli með gjalddaga 10. 04. 1981 að upphæð kr. 2.000.00, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 26.866.37, auk 35% vaxta af kr. 8.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, en af kr. 10.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, en af kr. 12.000.00 frá þ.d. til 10. 02. 1981, en af kr. 14.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, en af kr. 16.000.00 frá þ.d. til birtingar stefnu 14. mars 1981, en frá þ.d. með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 42.866.37 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Undir rekstri málsins hefur komið fram, að stefndi hafi selt bifreiðina A 1205, ennfremur að stefnandi hafi greitt víxil þann, er hann krefst skila á, og við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni í samræmi við það, og eru endanlegar kröfur stefnanda nú þær, að staðfest verði riftun á kaupum frá 27. 10. 1980 um bifreiðina A 6586, Saab 99, árgerð 1974, að stefndi greiði til baka kaupverð bifreiðarinnar, kr. 43.000.00, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 26.866.37 auk 35% vaxta á ári af kr. 33.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, en af kr. 35.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, en af kr. 37.000.00 frá þ.d. til 10. 02. 1981, en af kr. 39.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, en af kr. 41.000.00 frá þ.d. til 10. 04. 1981, en af kr. 43.000.00 frá þ.d. til birtingar stefnu þann 14. mars 1981, en með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 69.866.37 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Málsatvik eru þessi: Þann 27. október 1980 keypti stefnandi bifreiðina A 6586, Saab 99, árgerð 1974, af stefnda. Í skriflegum skjölum um kaupin var verðið ákveðið gkr. 3.800.000, og var það greitt með makaskiptum á bifreið stefnanda, A 1205, sem í skjölum um kaupin var talin að verðmæti gkr. 2.000.000, en að öðru leyti var verðið greitt með víxlum, samtals að

fjárhæð gkr. 1.800.000. Stefnandi hafði hinn 26. ágúst 1980 keypt þessa bifreið fyrir gkr. 2.000.000, en meðan eignarhald varði, endurbætti hann bifreiðina og setti síðan á söluskrá hjá Bílasölnunni Stórholti, Akureyri, sem hafði síðan milligöngu um kaup aðilja. Í upplýsingum stefnanda um ástand bifreiðarinnar var m.a. tekið fram, að vél hennar væri upptekin. Daginn eftir að kaupin fóru fram fékk stefnandi vélfróða menn til að líta á bifreiðina, og upplýstu þeir hann þegar um, að vél bifreiðarinnar væri úrbrædd. Í framhaldi af því fór stefnandi fram á, að kaupin gengju til baka, en þeirri ósk var hafnað. Þann 6. nóvember 1980 sendi stefnandi stefnda skeyti, þar sem hann lýsti yfir riftun kaupanna. Hinn 9. nóvember 1980 óskaði stefndi eftir því við bæjarfógetann á Akureyri, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir menn og óvilhallir til að skoða og meta bifreiðina, og var óskað eftir, að eftirfarandi yrði skoðað og metið:

Óskað er, að vél bifreiðarinnar verði skoðuð og látið í ljós álit um ástand hennar, hvort vélin þarfnast viðgerðar og þá hvernar, hve mikið sú viðgerð myndi kosta, hvort ástand vélarinnar sé eðlilegt miðað við upptekna vél, sem ekið hefur verið ca 30 - 40 þúsund km eftir upptekt.

Hinn 11. nóvember 1980 dómkvaddi bæjarfógetinn á Akureyri þá Svanlaug Ólafsson og Hrafn Sveinbjörnsson, bifvélavirkjameistara til að framkvæma matið. Skiluðu þeir niðurstöðu sinni hinn 8. janúar 1981, svofelldri: „Eftir dómkvaðningu bæjarfógetans á Akureyri í máli nr. 361/1980, dagsettri 11. nóvember 1980, höfum við undirritaðir skoðað vél bifreiðarinnar A-6586, sem er Saab 99, árgerð 1974. Við skoðun á vélinni kemur í ljós, að ástand hennar er þannig, að ekki kemur annað til greina að okkar mati en alger upptekt á vélinni. Endurbygging vélarinnar kostar um kr. 8.171.00. Þar sem ekki liggja fyrir sannanir hjá okkur um akstur bifreiðarinnar eftir vélarupptekt fyrir rúmum þremur árum og ekki heldur smurbók, sem gæti sýnt smurolíu- og smurolíusúskipti, er ógerlegt að segja til um, hvort núverandi ástand vélarinnar er eðlilegt. Sé akstur bifreiðarinnar, sem upp er gefinn í dómkvaðningunni 30 - 40 þúsund km, réttur og hirðing vélarinnar góð, er ástandið óeðlilegt, en á þessu vantar sannanir.“

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi séð umræddan bíl hjá Bílasölnunni Stórholti, kveðst hann hafa fengið áhuga á bílnum og fengið að reynsluaka honum. Kveðst hann hafa ekið bílnum frá bílasölnunni að Slippstöðinni og til baka aftur. Kveðst hann að öðru leyti ekki hafa ekið bifreiðinni, áður en kaupin voru gerð. Hann kveðst ekki hafa fengið aðstoð við að skoða bifreiðina, segir, að billinn hafi litið laglega út og bílasalarnir hælt ástandi hans, sagt það gott. Kveðst hann ekkert hafa fundið athugasemdir við bilinn að öðru leyti en því, að kúpling hafi verið léleg. Segir hann, að Stefán Tryggvason, sem var umboðsmaður stefnda við kaupin, hafi sagt, að smurning væri á diskunum og það væri litið mál að laga það. Tekur stefn-

andi fram, að hann hafi lítið vit á bílum, en síðar hafi sér verið sagt, að ein af ástæðum fyrir smurningu í diskum sé, að legur séu orðnar rúmar, með öðrum orðum vél sé úrbrædd. Kveðst hann ekki hafa rætt við stefnda um kaupin, áður en þau fóru fram, heldur við Stefán Tryggvason, sem hafi komið fram í umboði stefnda. Stefnandi segir, að sér hafi verið sagt, að vélin væri upptekin, og kveðst hafa skilið það svo, að upptekt hennar hefði nýlega farið fram. Það hafi verið tekið fram, að bifreiðin væri í toppstandi. Segir hann að reikningar fyrir upptektina hafi ekki legið frammi við kaupin. Stefnandi segir, að stefndi hafi ekki verið sagður í bænum og hafi Stefán Tryggvason mætt til að ganga frá kaupunum, en um kvöldið, er kaupin höfðu verið gerð, kveðst stefnandi hafa farið á heimili Stefáns til að afhenda honum vixlana og hafi stefndi þá komið þar og afhent sér reikninga vegna upptektar á vélinni 1977. Kveðst stefnandi ekki hafa gert neinar athugasemdir við þetta, en spurt, hvort gírkassinn væri upptekinn, og hefði stefndi svarað því til, að það væri í nútunum. Kveðst stefnandi hafa skilið það svo, að upptekt gírkassa hefði farið fram á sama tíma og upptekt mótors. Stefnandi segir, að Stefán Tryggvason hafi sagt sér, að billinn væri ekinn 10 - 30 þúsund km. Kveðst hann, er hann kom á heimili Stefáns, hafa verið búinn að fá vitneskju um, hvaða bifreið þetta var, kveðst hann áður hafa séð hana á Bílasölu Norðurlands með Þ númeri og hafi hún þá lítið illa út. Kveðst hann hafa sagt við Stefán, að hann hefði aldrei keypt þennan bíl, ef hann hefði vitað, hvaða bill þetta var. Segir stefnandi, að Stefán hafi ekki svarað öðru til en að billinn væri góður. Stefnandi kveðst morguninn eftir hafa ekið bilnum til kunningja síns, Þorsteins Gunnarssonar bifvélafróðs, segir hann, að Þorsteinn hafi sett bifreiðina í gang og síðan sagt, að vélin væri úrbrædd. Í framhaldi af því hafi þeir farið á bifreiðaverkstæðið Bláfell og þar hafi Sigurður Stefánsson staðfest, að svo væri, eftir að hafa hlustað vélina. Kveðst stefnandi giska á, að hann hafi verið búinn að aka bifreiðinni 5 - 10 km. Kveðst hann ekki við þann akstur hafa fundið neitt athugasemdir við vélina. Stefnandi kveðst ekki hafa veitt athygli ártali reikninganna, er honum voru afhentir þeir, og ekki hafi ártal þeirra komið fram í viðræðum þeirra, og kveðst hann síðar hafa séð ártalið, er hann fór að kanna reikningana betur. Stefnandi kveðst hinn 29. október, að því er hann minnir, hafa haft samband við Stefán Tryggvason og sagt honum, að vélin væri úrbrædd og að hann vildi rifta kaupunum strax. Segir stefnandi, að viðtal þetta hafi farið fram á vinnustað Stefáns, lögreglustöðinni og hafi Stefán sagt, að hann vildi ekki ræða þessi mál á vinnustað. Stefnandi kveðst síðar sama dag hafa hringt heim til Stefáns og hafi Stefán sagt, að hann vildi ekki ræða þessi mál heima hjá sér. Stefnandi segist ekki hafa rætt þessi mál við stefnda, þar sem sér hafi verið sagt, að hann væri utanbæjar. Kveðst hann enn síðar sama dag hafa rætt við Stefán á Bíla-

sölunni Stórholti og hafi hann neitað riftun og sagt úrbræðslusöguna ekki hafa við rök að styðjast. Kveðst stefnandi ekki hafa reynt bílinn þann 27. október, en hann hafi þá verið í sýningarsal bílasölunnar. Segir hann, að Hjörleifur Gíslason, starfsmaður bílasölunnar, hafi ekið bifreiðinni út og botngefið henni. Stefnandi segir, að ekki hafi verið tekið sérstaklega fram, á hvaða tíma upptektin hefði farið fram á vélinni á annan hátt en þann, að bifreiðin var sögð ekin 10 - 30 þúsund km og hún væri í topplagi. Kveðst stefnandi hafa treyst upplýsingum Stefáns Tryggvasonar um bifreiðina og ekki séð ástæðu til að þjökkpuprófa og þrýstiprófa vélina. Stefnandi kveðst hafa bedið Reyni Örn Leósson að hlusta bílinn, og segir hann, að Reynir hafi gert það en síðan sagt sér, að vélin væri úrbrædd.

Stefndi hefur lagt fram í málinu aðiljaskýrslu og komið fyrir dóminn. Hann skýrir svo frá, að hann hafi keypt bifreiðina þann 26. ágúst 1980, og hafði hún þá verið á bílasölu um nokkurn tíma. Billinn hafi verið illa útlitandi að utan, lakkið mjög skemmt, nokkrar smábeyglur hér og hvar, felgur ljótar, útvarpsstöng ónýt, útispeglar ónýtir og auk þess hafi billinn verið óhrein. Vél bílsins hafi verið sögð upptekin og hafi ljósrit af nótum viðgerðarverkstæðis fylgt því til staðfestingar. Hafi vélin verið sögð upptekin síðari hluta árs 1977. Kveðst hann ekki hafa haft áhyggjur vegna vélar eða þar að lútandi hluta, enda hafi hún virst ganga eðlilega og vinna ágætlega að hans mati. Kveðst hann hafa gert eiganda bílsins, sem búsettur hafi verið á Húsavík, tilboð í bílinn, sem hann hafi tekið, og gengið hafi verið frá kaupunum. Því næst hafi hann tekið bílinn inn í bílskúr og tekið að laga hann til, sem hafi reynst gífurleg vinna. Hafi billinn verið undirbúinn undir málningu, verið sprautaður, þá hafi hann verið þrífinn upp svo sem kostur hafi verið, skipt hafi verið um stýrisenda, sem hafi verið bilaður, flauta lagfærð, vél stillt, keyptir nýir útispeglar og þeim komið fyrir. Keypt hafi verið ný útvarpsstöng og sett á, bílstjórasæti lagað og nýtt áklæði keypt og sett á öll sætin. Felgur hafi verið pússaðar upp og sprautaðar, nýtt hjólbogakróm sett á alla fjóra hjólbogana. Settir hafi verið fjórir hjólkoppar á bílinn í stað ónýtra. Þá hafi verið settir hvítir hringir á hjólbardana og áklæði á stýrið. Tectyl hafi verið borið á bílinn neðan stuðara að aftan og framan og neðan á silsa til þess að verja bílinn steinkasti og fordæst skemmdir á lakki. Gólfteppi hafi verið fengið og það sniðið til og sett í farangursgeymslu bílsins. Þá hafi ljós verið lagfærð, billinn ljósastilltur, umskráning og eigendaskipti framkvæmd og billinn skoðaður af Bifreiðaeftirliti ríkisins og reynst í lagi. Hafi bifreiðin fengið skráningarnúmer. Á meðan á þessum lagfæringum hafi staðið, hafi bílnum nokkrum sinnum verið ekið á milli heimilis hans og verkstæða, og kveðst hann álíta, að samtals hafi verið um að ræða 10 - 15 km akstur. Þegar lagfæringum þessum hafi verið lokið, hafi hann sett bílinn á söluskrá hjá Bílasölunni Stórholti

við Gránufélagsgötu og sett á hann verð, gkr. 4.300.000 sem væntanlegt söluverð að athuguðu máli, sem honum hafi þótt hugsanlegt, að kynni að geta fengist fyrir bilinn miðað við það, sem búið var að gera fyrir hann, og miðað við verðlag annarra bíla. Síðan hafi liðið nokkur tími, billinn staðið á bílasölunni, til þess að þeir, sem áhuga kynnu að hafa, gætu athugað bilinn. Í október kveðst stefndi hafa séð frá vinnustað sínum, hvar bílnum var ekið áberandi hratt norður Hjalteyrargötu og snúið mjög þjósnalega á móts við Tryggvabraut og síðan ekið til baka. Kveðst hann hafa hringt í Stórholt og spurst fyrir um það, hver væri á bílnum. Haraldur Ingimarsson hafi orðið fyrir svörum og greint sér frá því, að sá hétí Jón Sigursteinsson og væri að prófa bilinn. Kveðst stefndi síðan hafa verið boðaður á bílasöluna daginn eftir, að hann minnir kl. 1400, til þess að ræða við Jón, en hann hafi þá ekki komið. Nokkru síðar, eða þann 27. október, hafi bílasalan aftur haft samband við sig og tilkynnt sér, að Jón Sigursteinsson væri þar staddur og hefði gert tilboð í bilinn eftir að hafa aftur haft hann til athugunar. Tilboðið hafi verið á þá lund, að Jón keypti Saabinn og greiddi hann með Ford Bronco, árgerð 1966, á gk. 2.500.00 og afganginn í víxlum. Þegar þetta hafi borið að, kveðst stefndi hafa verið á förum úr bænum og hafa gefið Stefáni Tryggvasyni, Lönguhlíð 7D, Akureyri, fullt og ótakmarkað umboð til þess að ganga frá sölu bifreiðarinnar. Stefán hafi mætt á bílasöluna og rætt við Jón um hugsanleg kaup, hafi stefnandi spurt, hvort Stefán vissi, hve mikið bílnum hefði verið ekið eftir upptekt vélar. Stefán hafi sagt, að hann hefði ekki hugmynd um það, en gæti álitíð, að búið væri að-aka bílnum 10 - 30 þúsund km eftir upptekt, en hann gæti þó ekkert um þetta fullyrt, eins og hann hefði áður sagt. Stefndi hafi síðan sýnt Stefáni Broncoinn og sagt honum, að Birgir Kristjánsson, sem átt hefði bilinn í nokkur ár, hefði nýlega tekið upp vélina í honum. Samningar hafi tekist á milli þeirra Jóns og Stefáns á grundvelli tilboðs Jóns, en samkvæmt ósk Jóns hafi verð jeppans verið ákveðið gkr. 2.000.000 í stað gkr. 2.500.000 og þar sem milligjöfin hefði þá verið ákveðin gkr. 1.800.000, hafi söluverð Saabsins orðið gkr. 3.800.000. Gengið hafi verið frá kaupunum af starfsmönnum Bílasölnnar Stórhólts. Stefnda hafi síðan verið afhentur Saab billinn á gkr. 3.800.000, en hann hafi látið af hendi Bronco jeppann á gkr. 2.000.000 og síðan sama kvöld samþykkt víxla fyrir milligjöfinni, sem samið hafi verið um gkr. 1.800.000. Vextir hafi ekki verið reiknaðir á víxlana. Nokkrum klukkustundum eftir kaupin hafi stefndi komið til Stefáns með víxlana og spurt þá um leið, hvort þessi Saab hefði áður staðið um tíma á tilgreindri bílasölu með Þ númeri. Stefán hafi sagt svo vera og hafi stefnandi þá sagst aldrei mundu hafa keypt bilinn, ef hann hefði vitað, hvaða bill þetta var. Hinn 23. október hafi stefndi hringt til sín og tjáð sér, að hann vildi láta kaupin ganga til baka, þar sem fyrir

lægi gkr. 2.000.000 viðgerð á vél Saabsins og kvaðst hafa þetta eftir starfsmönnum Bláfells s.f. Kveðst stefndi hafa sagt Jóni, að þetta kæmi sér mjög á óvart, svo ekki væri meira sagt, en sér virtist engin skynsamleg rök mæla með því, að kaupin gengju til baka, enda hefði billinn verið í góðu lagi, er hann var seldur. Kveðst stefnandi hafa hringt í Bláfell s.f. og hafi Sigurður Stefánsson ekkert kannast við að hafa gefið upp áðurnefnda tölu. Segir stefndi, að þann 6. nóvember hafi sér borist símskeyti, þar sem stefnandi hafi krafist riftunar á kaupunum. Stefnandi skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi farið með bílinn á bílasöluna til sölu og gefið upplýsingar um ástand bílsins, að öðru leyti hafi hann ekki annast sölun sjálfur, en veitt Stefáni Tryggvasyni fullt umboð til að annast söluna fyrir sína hönd og hafi hann annast hana. Stefndi kveðst hafa keypt bifreiðina á Bílasölunni Stórholti, segir hann, að verð það, sem sett var á bifreiðina þar, hafi verið gkr. 2.8 til 2.9 milljónir. Kvaðst hann hafa reynslukeið bifreiðinni og ekkert fundið athugasemdir við vélina. Kveðst hann síðan hafa gert tilboð í bílinn, sem gengið var að. Segist hann hafa átt viðskipti þessi við son eiganda bílsins. Segir hann, að sonur eigandans hafi lítið vitað um ástand bílsins annað en það, að vélin hefði verið tekin upp, og sýnt sér ljósrit af nótu því til staðfestingar. Ekki kveðst hann hafa fengið upplýsingar um aksturstíma vélarinnar. Hann kveðst hafa gert tilboði með hliðsjón af ástandi bílsins og því, hversu mikið þurfti við hann að gera. Segir hann, að hann hafi talið sig vera að gera góð kaup, þegar tilboði hans var tekið. Hann segir, að hann hefði aldrei keypt bílinn, ef hann hefði haft ástæðu til að ætla, að eitthvað væri að vélinni. Hann kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um, að eitthvað væri að kúplingunni, og kveðst ekki hafa vitað, að neitt væri að henni, þegar hann seldi bílinn. Segist hann hafa orðið var við hnökra á kúplingunni og spurst fyrir um það á Saab verkstæðinu, hvað það gæti verið, og hafi fengið þær upplýsingar, að um feiti á disknum væri að ræða og ekkert væri við því að gera. Hann segir, að Stefán Tryggvason hafi tekið við vixlinum, en kveðst hafa komið á heimili hans í þann mund sem stefnandi var að fara. Kveðst hann ekki hafa átt nein orðaskipti við stefnanda á heimili Stefáns Tryggvasonar og kveðst ekki hafa afhent honum nótur fyrir upptekt vélarinnar, en kveðst gera ráð fyrir, að Stefán hafi gert það.

Áðurnefndur Stefán Tryggvason skýrir svo frá, að mágur sinn, stefndi í málinu, hafi beðið sig að ganga frá sölu á bifreiðinni A 6586 fyrir sína hönd, þar sem hann hafi verið að fara úr bænum. Segir hann, að stefndi hafi skýrt sér frá tilboði stefnanda í bifreiðina og jafnframt gefið sér upp verðhugmyndir sínar á báðum bifreiðunum, hafi hann haft í huga gkr. 4.3 milljónir fyrir A 6586, en gkr. 2.5 milljónir fyrir A 1205. Í samningum við stefnanda hafi þessum verðmismun verið haldið, en verð bifreiðanna

fært niður að ósk stefnanda. Kveðst hann hafa reynsluekið bifreiðinni A 1205 og gert smávægilegar athugasemdir við ástand hennar, áður en kaupin fóru fram, en stefnandi hafi gefið þær upplýsingar, að vélin hefði verið upptekin, þegar hún var í eigu Birgis Kristjánssonar, en það hafi reynst rangt. Kveðst hann hafa gefið þær upplýsingar, að vélin væri upptekin, og því til staðfestingar lagt fram reikninga stefnanda til sýnis, skömmu eftir að kaupsamningur var undirritaður, en reikningar þessir hafi síðar verið afhentir honum. Hann kveðst ekki hafa vitað, að neitt hafi verið að bílnum. Kveðst hann hafa reynsluekið bifreiðinni og ekkert fundið athugavert. Kveðst hann ekkert hafa þekkt til bifreiðarinnar, áður en stefndi keypti hana. Hann kveðst ekki hafa verið viðriðinn kaup stefnda á bifreiðinni, en hann hafi þá verið staddur á Raufarhöfn. Hann kveðst hafa sagt stefnanda, að hann hefði ekki hugmynd um, hversu mikið bifreiðinni hefði verið ekið frá upptekt vélarinnar, en miðað við tímann gæti hann giskað á 10-30 þúsund km.

Áðurnefndir matsmenn hafa komið hér fyrir dóminn og staðfest matsgjörð sína.

Vitnið Hrafn Sveinbjörnsson skýrir svo frá, að vélin hafi verið úrbrædd á öllum legum, þá hafi smurolíudælan verið rifin, þannig að hún hafi ekki getað haldið uppi fullum oliuþrýstingi. Vitnið segir, að vélin hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að skemmdir á henni væru ekki alveg nýjar, en segir, að erfitt sé að fullyrða um þetta. Vitnið segir, að slíkar skemmdir geti ekki orðið á einum til tveimur dögum. Vitnið segir, að yfirleitt heyrst á hljóði vélar, ef hún er úrbrædd. Vitnið segir að stefnandi hafi komið með bílinn að kvöldi til sín og hafi það þá heyrt gang vélarinnar. Segir vitnið, að að sínu mati hafi vélin þá verið úrbrædd, en kveðst ekki hafa skýrt stefnanda frá því, kveðst vitnið hafa heyrt það á hljóði vélarinnar. Vitnið telur hæpið, að óvélfróðir menn geti greint það á hljóði vélar, hvort hún er úrbrædd eða ekki, en slíkt sé auðvelt fyrir vélfróða menn og þá, sem vanir eru umgangi við vélar.

Vitnið Svanlaugur Ólafsson segir, að vélin hafi verið með uppslitnar legur. Vitnið segir, að erfitt sé að segja til um, á hve löngum tíma skemmdirnar hafi orðið. Segir vitnið, að hugsanlegt sé, að vélin hafi verið keyrð of heit og það flýtt fyrir skemmdunum. Vitnið segir, að ótrúlegt sé, að skemmdirnar gætu dulist manni, sem þekkingu hefur á vélum og hlustaði gang hennar. Vitnið kveðst hafa heyrt í vélinni, rétt áður en hún var tekin úr bílnum, og hafi sér ekki dulist, hvernig komið var. Vitnið segir, að mikill snúningshraði á vél bifreiðar í kyrrstöðu geti verið hættulegur fyrir legur vélarinnar. Vitnið segir, að skemmdir á vél, eins og hér um ræðir, geti orðið á mjög skömmum tíma, ef vél er keyrð á miklum snúningi og fær ónóga smurningu.

Vitnið Rafn Gíslason, eigandi bifreiðaverkstæðisins Bláfells að hluta, skýrir svo frá, að stefnandi hafi komið með bifreiðina á verkstæðið til sín daginn eftir að kaupin hefðu farið fram. Segir vitnið, að í fyrstu hafi stefnandi komið til að sýna þeim bifreiðina, kveðst hann ásamt Sigurði Stefánsyni hafa farið út og skoðað bílinn. Segir hann, að þeir Sigurður hafi strax heyrt á hljóðinu í vélinni, að hún var úrbrædd, og hafi þeir sagt stefnanda það. Stefnandi hafi ekki viljað trúa þeim, en síðar sama dag hafi hann komið aftur ásamt Þorsteini Gunnarssyni. Segir vitnið, að þeir hafi gefið vélinni inn og hafi ekki leynt sér, að hún var úrbrædd. Segir hann, að þeir hafi ráðlagt stefnanda að fara með bílinn heim og leggja honum og hafi stefnandi þá trúað þeim. Vitnið segir, að slíkt gerist ekki á 10 km akstri, nema olíukerfi stiflist eða vél verði olíulaus, en slíku hafi ekki verið til að dreifa í þessu tilviki. Vitnið segir, að vélin hafi verið tekin úr bifreiðinni og í sundur á verkstæði þess vegna matsskoðunar. Kveðst vitnið hafa verið viðstatt matsskoðun og kveðst staðfesta, að vél sú og vélahlutar, sem skoðaðir voru, hafi verið úr umræddri bifreið. Segir vitnið, að vélin hafi verið úrbrædd á öllum legum og sveifarás hafi verið skemmdur, eins og yfirleitt gerist, er úrbræðsla á sér stað. Vitnið segir, að ekki hafi verið hægt að sjá, að neitt hafi verið að smurningunni.

Vitnið Þorsteinn Gunnarsson bílasali skýrir svo frá, að hann hafi skoðað bíl stefnanda daginn eftir kaupin, um kl. 10.00 fyrir hádegi. Kveðst hann hafa ekið bifreiðinni, hafi sér fundist eftir hljóðinu, að vélin væri úrbrædd, og ekið ásamt stefnanda á bifreiðaverkstæðið Bláfell. Kveðst vitnið vera starfsmaður á Bílasölu Norðurlands og hafi bifreiðin áður verið þar til sölu um skeið. Segir vitnið, að sér hafi ekki verið kunnugt um ástand vélarinnar, en hafa vitað, að kúplingin væri ónýt. Kveðst vitnið hafa haft þær upplýsingar frá syni þáverandi eiganda bílsins. Vitnið kveðst álíta, að í ágúst 1980 hafi hámarksverð bifreiða af þessari gerð verið gkr. 3.500.000. Vitnið kveðst hafa unnið á bifreiðaverkstæðinu Þórshamri í 5½ ár, þ. á m. sem nemi í bifvélavirkjun að hluta, en hann hafi ekki lokið prófi í faginu. Vitnið segir, að verðið á þessum bílum hafi verið á bilinu frá 3 - 3½ milljón gkr. eftir ástandi á þessum tíma. Segir vitnið, að settar hafi verið gkr. 2.9 milljónir á umrædda bifreið, er hún var á Bílasölu Norðurlands, miðað við, að greiðsla yrði sem mest innt út í hönd. Segir vitnið, að ekki hafi legið fyrir í lýsingu á ástandi bifreiðarinnar, er hún var til sölu á Bílasölu Norðurlands að kúpling væri ónýt, heldur hafi ástand bílsins verið sagt þokkalegt. Vitnið kveðst hafa talið þetta verð hæfilegt miðað við útlit bílsins.

Lagt er fram í málinu vottorð Birgis Stefánssonar bifvélavirkjameistara, svohljóðandi:

„Hinn 28. 08. 1980 stillti ég undirritaður vél bílsins Þ-4053, sem var Saab

99 árgerð 1974, eigandi Friðrik Þórðarson, Þórunnarstræti 113, Akureyri. Við stillingu kom ekkert fram, sem benti til annars en að vélin væri í lagi.“

Birgir Stefánsson hefur hér fyrir dóminum staðfest vottorð þetta, hafi stefndi komið með skjalið til sín vélritað og hafi hann undirritað það, en áður hafi stefndi haft samband við sig og beðið sig um vottorðið. Vitnið segir, að við stillingu vélarinnar komi fram þéttleiki á ventlum, en ekki komi fram, hvort legur séu slitnar og ekki olíuþrýstingurinn. Þá komi heldur ekki fram rúmleiki á legum og sýlindrum. Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa heyrt neitt óvenjulegt við hljóð vélarinnar. Kveðst vitnið vera vanur meðferð Saab véla, er varðar stillingu á þeim, en kveðst ekki telja, að þær séu frábrugðnar öðrum vélum, er varðar einkenni úrbræðslu.

Þá er lagt fram í málinu vottorð Braga Ásgeirssonar bifvéla-virkjameistara, svohljóðandi:

„Hinn 26. september 1980 kom Friðrik Þórðarson með bifreið sína, sem var Saab 99, árgerð 1974, A-6586 til viðgerðar til undirritaðs. Undirritaður ók bílnum og varð ekki var við neitt óvenjulegt við gang vélar bílsins eða vélarhljóð hans, sem gæfi til kynna, að hún væri biluð. Þetta vottast hér með.“

Vottorð þetta hefur Bragi Ásgeirsson staðfest hér fyrir dóminum og kveðst hafa samið skjalið og undirritað það. Segir vitnið, að það leyni sér ekki, þegar vélar séu úrbræddar. Komið hafi verið með bifreiðina til sín til viðgerðar á ljósum og stýrisgangi og hafi hann ekið bifreiðinni inn og út af verkstæðinu, og hann minnst þess ekki að hafa fundið neitt athuga-vert við kúplinguna.

Þá er lagt fram í málinu vottorð Reynis Arnar Leóssonar, svohljóðandi:

„Undirritaður, Reynir Leósson, Kálfagerði I, Eyjafirði, var staddur á Bílasölnunni Stórholti seint í október, þegar Jón Sigursteinsson, Akureyri, bar að garði á bílnum A-6586, grænum Saab 99, sem hann var nýbúinn að kaupa. Biður hann undirritaðan að koma út og tala við sig. Erindið var að sýna mér umræddan bíl. Ég skoðaði bílinn mjög vel utan sem innan, og að mínu mati var þessi bill í prýðisástandi, og tók ég sérstaklega eftir því, hve hann var snyrtilegur í hvívetna, sem er mikill kostur, þegar bill er skoðaður með kaup í huga. Greindi hann mér frá kaupverði, og þótti mér hann hafa gert góð kaup, þá biður hann mig að athuga vél bílsins, sem ég gerði mjög vandlega. Eftir þá athugun taldi ég vélina vera í góðu ástandi, en gæti fljótlega verið gott að huga að stimpilstangarlegum. Jafnframt sagði ég honum, að það væri örugglega ekkert, sem bráðlega lægi á. Þá er það sem Jón tekur að láta bílinn ganga í botni í lausagangi og gerir þetta í langan tíma. Þá segi ég við Jón, að hætta þessu strax í Guðanna bænum vegna þess, að þetta þyldi engin vél, hvorki ný né notuð. Jón lét sér ekki segjast og hélt uppteknum hætti þó nokkra stund, og varð ég að

víkja mér frá vegna þess, að ég bjóst við því á hverri stundu, að vélin hreinlega splundraðist. Þegar þessu lauk, var vélin orðin normalheit, og þrátt fyrir það kveikti billinn ekki smurljós. Ég sagði Jóni, að svona bil hefði ég viljað eiga, áður en hann fékk svona meðferð, en eftir svona meðferð á vélinni vildi ég ekki eignast hann. Þá vil ég láta það koma skýrt fram, að ég sá Jón aka bílnum og það oftast en einu sinni, og var það engu líkara en hann væri vísvitandi að reyna að eyðileggja bílinn. Þetta kalla ég hrotta-meðferð, sem ég get ekki skilið, að nokkur maður geti verið þekktur fyrir að láta sjá til sín.“

Skýrslu þessa hefur vitnið staðfest hér fyrir dóminum. Kveðst vitnið ekki vera skólagenginn í bifvélavirkjaidn, en kveðst hafa unnið að bílavíðgerðum í 26 ár. Segir vitnið, að skoðun sín á bifreiðinni hafi farið fram, eftir að stefnandi keypti bifreiðina, um hádegisbil eða síðdegis, en man ekki, hvaða dag það var. Vitnið segist hafa sagt stefnanda, að vélin væri orðin rúm á legum, og kveðst hafa heyrt það á gangi vélarinnar, en kveðst hafa sagt, að þetta væri ekki orðið aðkallandi. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekki látið í ljós óánægju með bílinn að öðru leyti en því, að vélin væri orðin tæp og verðið hefði verið hátt. Vitni telur, að snúningshraði vélarinnar hafi farið fram úr leyfilegum mörkum, þegar stefnandi gaf henni inn. Kveðst vitnið telja, að ný vél geti splundrast við meðferð slíka sem stefnandi víðhafði. Vitnið segir, að stefnandi hafi víðhaft þau orð, „að þetta gerði ekkert til þar, sem hann ætlaði að skila bifreiðinni,“ þegar vitnið sagði honum að fara ekki svona með vélina.

Þá er lagt fram í málinu vottorð eigenda Bílasölunnar Stórholt, Akureyri, svohljóðandi:

„Í októbermánuði 1980 hafði Bílasalan Stórholt, Akureyri, bílinn A-6586, sem var Saab 99, árgætt 1974, til sölu. Eigandi bílsins var Friðrik Þórðarson, Þórunnarstræti 113, Akureyri. Billinn var í vörslu bílasölunnar og geymdur inni í sal hennar, en hafður úti, þegar ástæða þótti til. Starfsmenn bílasölunar óku bílnum bæði inn og út úr sal sölnunnar og ennfremur á hjólbarðaverkstæði til þess að setja vetrarhjólbarða á bílinn, og urðu solumenn ekki varir við annað en að billinn væri í góðu lagi bæði hvað tekur til vélar og vagns. Núverandi eigandi bílsins, Jón Sigursteinsson, fékk bílinn lánaðan hjá bílasölnunni að minnsta kosti í tvö aðskilin skipti til þess að athuga bifreiðina með kaup í huga. Honum var greint frá því, að vélin hefði verið tekin upp á árinu 1977. Gerði Jón því næst tilboð í bílinn, og samningar voru síðan gerðir af Jóni Sigursteinssyni og Stefáni Tryggvasyni í umboði Friðriks Þórðarsonar. Þá voru Jóni afhent ljósrit reikninga víðgerðaraðila til staðfestingar á upptekt vélarinnar á árinu 1977, þau er honum hafði verið sagt, að til staðar væru. Rétt er að geta þess, að af þeim aðilum, sem skoðuðu og reyndu umrædda bifreið, var aðeins í einu

tilviki fundið að hurðarpakkningum, annað var ekki fundið að bílnum. Bilasalan fullyrðir því fyrir sitt leyti, að Jóni Sigursteinssyni hafi verið afhentur bíllinn A-6586 í ágætu lagi, hvað svo sem hann síðar kann að hafa gert við bílinn.“

Vottorð þetta hafa útgefendur ekki staðfest fyrir dóminum.

Vitnið Jóhann Hermannsson, Laugabrekku 10, Húsavík, átti umrædda bifreið og seldi stefnda hana. Kveðst vitnið hafa selt bifreiðina á gkr. 2.000.000. Kveðst hann hafa sett bílinn í sölu á Akureyri og ætlað sér að fá 2.4 til 2.5. milljónir fyrir hann. Eitthvað hærra verð hafi verið sett á hann á bílasölunni, og er tilboð barst upp á kr. 2.000.000, kveðst vitnið hafa tekið því. Kveðst vitnið hafa gert það, af því að bíllinn hafi verið mikið keyrður og hann hafi gert sér grein fyrir því, að ef hann ætlaði að eiga hann áfram, yrði að fara að taka upp í honum vél. Búið hafi verið að aka bílnum um 106 - 107 þúsund km. Vitnið kveðst hafa verið búinn að kaupa aðra bifreið og hafi það m.a. valdið því, að hann tók tilboðinu, sem hann fékk. Vitnið kveðst hafa talað við Sigurð Stefánsson í Bláfelli á Akureyri og hefði hann sagt sér, að upptekt á vél mundi kosta ca. 200.000 gkr. á cylinder.

Vitnið Hermann Jóhannsson, sonur áðurnefnds vitnis, Jóhanns Hermannssonar, annaðist um sölu á bifreiðinni fyrir föður sinn. Kveður vitnið verðið á bifreiðinni hafa verið svo lágt, vegna þess að bíllinn þarfnadist lagfæringar á útliti og jafnframt mætti búast við því, að fara þyrfti að gera við gangverkið í honum. Vitni kveðst hafa fært bílinn á Bílasölu Norðurlands á Akureyri og hafi þar verið sett verðið 2.7 milljónir á hann, en vitnið segist hafa tekið fram, að það væri ekkert bindandi verð. Eftir 4 - 5 vikur hafði bíllinn ekki selst, og fór þá vitnið á Bílasöluna Stórholt og ræddi þar við sölumann, er hann kannaðist við, og spurði, hvort hann gæti selt bílinn, hann mætti fara fyrir lítið. Bilasaliinn játti því og hringdi í Friðrik Þórðarson, og var gengið frá kaupunum sama dag. Vitnið kveður Friðrik hafa ekið bílnum til reynslu og séð strax, að hann þarfnadist lagfæringar á útliti, og haft orð á, að ekki væri gefandi mikið fyrir hann. Vitnið kveðst ekki muna, hvort hann hafi sagt Friðriki, að vélin væri upptekin, en nótur fyrir því hafi fylgt með bílnum og hafi upptekt sú farið fram þremur árum áður. Jafnframt hafi hann upplýst, að sú viðgerð hefði farið fram eftir 60 - 70 þúsund km akstur. Ekki hafi komið til tals milli þeirra, að fara þyrfti að taka upp vélna.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið haldin mjög verulegum leyndum galla, sem honum hafi á engan hátt mátt vera kunnugt um, enda hafi bifreiðin verið sögð með upptekinni vél, sem hafi hlotið að styrkja trú stefnanda á því, að vél bifreiðarinnar væri góð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi verið gallalaus,

er hún var seld, og hljóti skemmdir þær, er fram hafi komið á vél bifreiðarinnar, að hafa orðið, eftir að kaup voru gerð og bifreiðin komin í eigu stefnanda. Stefndi hafi lagfært bifreiðina og aukið verðmæti hennar. Stefnandi hafi sjálfur skoðað bifreiðina fyrir kaupin og átt allan kost á því að rannsaka bifreiðina til hlítar og mæla mótör hennar eða fá sérfræðiaðstoð til þess. Stefndi hafi ekki leynt stefnanda neinu í sambandi við kaupin. Þeir, sem hafi fengist við viðgerðir á bílnum eða reynt bifreiðina fyrir sölu stefnda á henni, beri, að bifreiðin og vél hennar hafi verið í góðu lagi. Verði því að ætla, að vél bifreiðarinnar hafi orðið fyrir sliti eða skemmdum í meðförum stefnanda sjálfs, og vísar stefndi í því sambandi í framburð vitnisins Reynis Leóssonar, sem áður er rakinn.

Með framburði hinna sérfróðu matsmanna svo og annarra vélfróðra vitna, sem sérstaklega könnuðu ástand vélarinnar, mjög skömmu eftir að kaupin voru gerð, þykir sannað, að vél bifreiðarinnar hafi verið haldin þeim galla, sem fram kom við skoðun matsmanna, þá er kaupin fóru fram. Við ákvörðun á verði bifreiðarinnar var m.a. við það miðað, að vélin væri í góðu lagi. Verður að telja gallann það veigamikinn, að stefnanda sé heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39, 1922, enda var gallanum þannig háttað, að þess var ekki að vænta, að stefndi, sem er alls óvélfróður maður, yrði hans var við venjulega skoðun, sbr. 47. gr. sömu laga og upplýsingar stefnda um, að vélin væri upptekin, voru til þess fallnar að styrkja stefnanda í þeirri trú, að ónauðsynlegt væri að leita aðstoðar vélfróðs manns við skoðun á vélinni. Ber samkvæmt þessu að taka riftunarkröfu stefnanda til greina.

Eins og að framan getur, hefur stefndi selt bifreiðina A 1205, og hefur því skapast ómöguleiki fyrir hann að skila stefnanda bifreiðinni aftur. Í samræmi við það hefur stefnandi gert kröfu um, að í stað bifreiðarinnar greiði stefndi honum andvirði hennar, sem hann telur vera kr. 25.000.00 auk þeirra peningagreiðslna, er hann hefur innt af hendi, samtals kr. 18.000.00. Endurgreiðslukröfum þessum hefur ekki sérstaklega verið andmælt af hálfu stefnda, og ber því að taka þær til greina ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Þá hefur stefnandi gert kröfu um greiðslu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 26.866.37, og sundurliðar hann bótakröfuna þannig: Bætur vegna missis afnota af bifreiðinni svo og vegna óþæginda kr. 25.000.00, kostnaður við mat bifreiðarinnar, kr. 1.835.22, og kostnaður vegna riftunarskeytis, kr. 31.15. Fyrsta lið kröfunnar hefur stefndi mótmælt sem órökstuddum. Stefnandi hefur eigi stutt þann lið kröfunnar neinum gögnum, og verður sá liður kröfunnar því ekki tekinn til greina gegn andmælum stefnda. Tveimur síðari liðum kröfunnar hefur stefndi eigi andmælt tölulega, en talið, að þeir ættu að koma til álita við ákvörðun um málskostnað. Þykir

eiga að fallast á það sjónarmið, og verður tillit til þeirra tekið við ákvörðun málskostnaðar. Eftir framangreindum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilegur kr. 12.000.00.

D ó m s o r ð:

Framangreind riftunarkrafa stefnanda, Jóns Sigursteinssonar, er tekin til greina.

Stefndi, Friðrik Þórðarson, endurgreiði stefnanda kr. 43.000.00 ásamt 35% ársvöxtum af kr. 33.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, af kr. 35.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, af kr. 37.000.00 frá þ.d. til 10. 02. 1981, af kr. 39.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, af kr. 41.000.00 frá þ.d. til 10. 04. 1981, en með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 43.000.00 frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu bifreiðarinnar A 6586 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4.mái 1984.

Nr. 77/1984. **Guðmundur Björnsson**

gegn

Hrafnhildi Stelli Eyjólfsdóttur

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 13. apríl 1984, sem barst Hæstarétti 26. sama mánaðar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði um þinglýsingu eignarfyrlýsingar til handa varnaraðilja um fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 84 við Engjasel í Reykjavík útgefinni af Byggingasamvinnufélaginu Aðalbóli (B.S.A.B.) hinn 16. desember 1983, en til vara, að eignarheimild varnaraðilja verði þing-